

Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

1 Inngangur	bls.	03
2 Mannauður	bls.	04
3 Aðstaða	bls.	06
4 Fræðslustarfsemi á árinu	bls.	07
5 Námsráðgjöf og raunfærnimat	bls.	11
6 Önnur starfsemi	bls.	12
7. Gæðastarf og stefnumótun	bls.	15
6 Skipulagsskrá Fræðslunetsins	bls.	15
7 Töluleg þróun starfseminnar	bls.	16

1. Inngangur

Ársins 2023 verður kannski helst minnst fyrir það að þá uppgvötvaðist mikið bókhaldsklúður í bókhaldi Fræðslunetsins. Í upphafi árs voru farnar að renna tvær grímur á framkvæmdastjórnann með bókhald ársins 2022 og í apríl kom endanlega í ljós alvarleg vanhæfni bókara á vegum SASS, sem sá um bókhald Fræðslunetsins. Var unnið hörðum höndum á vegnum SASS og Fræðslunetsins að koma ársreikningi ársins 2022 saman í apríl, maí og júní og komu að því verki tvær bókhaldsstofur. Ársreikningur fór til endurskoðunar í júlí og var samþykktur í byrjun september, en sumarleyfi töfðu lokavinnslu hans. Áhrif þess að rangt bókhald hafði verið viðhaft í um það bil ár hafði afleiðingar allt árið 2023.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Framsetningin er lík þeirri sem verið hefur undanfarin ár með áherslu á gagnorðan og stuttan texta ásamt töflum.

Árlega er ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Þá er ársskýrslan og ársreikningur alltaf aðgengilegur almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins; www.fraedslunetid.is.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

2. Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins breyttist ekki á árinu og er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Valdimar Hafsteinsson, (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Hulda Kristjánsdóttir, ritari (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Gils Einarsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á árinu. Fundargerðir funda má lesa á vefsvæði Fræðslunetsins á [bessari slóð](#).

Starfsmannahald

Starfsmannabreytingar urðu engar árið 2023. Stöðugildi stóðu þannig í árslok 2023:

Eyjólfur Sturlaugsson	framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	50%
Eydís K. Guðmundsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	90%
Lilja Össurardóttir	verkefnastjóri	100%
Anna R. Pedersen	verkefnastjóri	90%
Oddný Gísladóttir	þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	50%
Viktor Valur Carlsen	kvöldumsjón	45%
Sigríður E. Kristinsdóttir	þrif	30%
Sandra D. Gunnarsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Kristín E. Ketilsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Samtals stöðugildi:		8,55

Í árslok var stjórn ekki enn búin að ákveða hvort eða hvernig yrði ráðið í stöðu verkefnastjóra í Vík, sem losnaði endanlega í ágúst 2022. Veikindi héldu áfram að herja á starfsmenn á árinu og urðu veruleg forföll vegna þeirra. Oddný S. Gísladóttir var að koma úr langvarandi veikindum á fyrri hluta ársins og var komin í fullt starf um mitt ár. Viktor V. Carlsen slasaðist illa í lok apríl og var frá vinnu meira eða minna fram í nóvember. Lilja Össurardóttir fór í fullt veikindaleyfi í lok ágúst og út árið.

Starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í mars og haldnir voru tveir starfsdagar auk þriggja í Hollandi. Starfsmannafundur voru haldnir reglulega í gegnum TEAMS og urðu þeir 15 talsins. Hefur þessum fundum fækkað nokkuð undanfarin ár vegna aukins vægis teyma í starfseminni, sem halda hvert í sínu lagi sína teymisfundi. Þrjú teymi störfuðu á árinu; vikriniteymi, fyrirtækjateymi og ráðgjafateymi.

Símenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2023 að uppfæra þekkingu sína og varð hún svipuð og undanfarin árin. Mikið og aukið framboð er á stafrænu efni sem hægt er að njóta við skrifborðið eða heima hjá sér. Almenn er starfsfólkið duglegt að viðhalda þekkingu sinni og að tileinka sér nýja hæfni.

Starfsfólk skráir sjálft endurmenntun sína og gerir grein fyrir henni og óskum sínum varðandi áframhaldandi símenntun í árlegu starfsmannaviðtali með framkvæmdastjóra.

Lang stærsti símenntunaratburðurinn ársins var að allir starfsmenn Fræðslunetsins fóru í vikulanga kynningar- og námsferð til Hollands á styrk frá Erasmus sjóðum.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnuð með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, íslensku fyrir útlendinga og til fræðslu fatlaðs fólks. Til kennslu á styttri námskeiðum eins og þeim sem snúa að starfsþróun, (núvitund, sjálfstyrkingu o.fl.) voru valdir sérfræðingar á því tiltekna sviði.

Alltaf eru einhverjar breytingar á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa þó unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru Fræðslunetinu afar dýrmætir.

3. Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Til að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við aðila sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú þrjár; á Selfossi, á Hvolsvelli og á Höfn. Þá rekur Fræðslunetið þrjú námsver til viðbótar; á Hellu, Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess verður að teljast almennt góð.

Aukið fjarnám á ýmsum sviðum fræðslunnar hefur þó orðið til þess að námsaðstaða á öllum starfsstöðvum Fræðslunetsins hefur verið sífellt minna notuð, nema á Selfossi en þar hefur notkun á húsnæði aukist síðustu tvö árin.

Sveitarfélagið Árborg sem á Fjölheima; aðsetur Fræðslunetsins á Selfossi, ákvað á árinu að setja eignina í sölufarli. Er sú ráðstöfum tengd rekstrarerfiðleikum sveitarfélagsins. Stjórnendur sveitarfélagsins hafa ætíð sagt að dýrmætri starfsemi í Fjölheimum verði að tryggja húsnæði og henni verði ekki úthýst fyrirvaralaust.

Búnaður

Endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna er alltaf einhver en var með minnsta móti árið 2023 vegna aðhalds í rekstri. Viðhaldi á tækjum og tólum sem snúa að kennslustofum og aðbúnaði nemenda var áfram sinnt.

Hluti þess búnaðar sem er notaður í kennslustofum er engu að síður orðinn nokkuð gamall og þá sérstaklega skjávarpar og tölvur. Þá hefur legið fyrir um nokkurn tíma að skipta verður á næstunni út öllum routerum í Fjölheimum en þeir eru nú endanlega komnir á tíma. Óvissa með hversu lengi starfsemin verður í Fjölheimum hefur hins vegar orðið til þess að endurnýjun frestast sífellt.


4 Fræðslustarfsemi á árinu

Heildarfjöldi námsmanna

Á heildina litið þá er árið 2023 á svipuðum stað í fræðslunni og árið á undan. Námsmönnum er að fækka lítilega á milli ára en nemendastundum fjölgar. Brottfall er svipað og verið hefur undanfarin ár. Í fræðslu fatlaðra eru námshópar litlir eða oft þrír til fjórir námsmenn og hefur það talsverð áhrif á meðalhópastærð. Tafla 1 sýnir samanburð á heildarfjölda námsmanna hjá Fræðslunetinu síðustu fimm ár.

Tafla 1	Námskeið	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nemenda kl.stundir	Meðal fj. í hópi
2019	118	1.261	1.143	9,4%	33.148	10,7
2020	118	1.154	1.032	10,6%	33.969	9,8
2021	145	1.227	1.041	15,2%	34.977	8,5
2022	132	1.332	1.182	11,3%	33.618	10,4
2023	114	1.165	1.057	12 %	35.854	10,0

Hjá Fræðslunetinu er fræðslunni skipt niður á eftirfarandi sex svið: Íslensku fyrir útlendinga, vottaðar námsleiðir FA, virkinnámskeið, námskeið fyrir fatlað fólk, fræðslu í fyrirtækjum og svo annað nám. Þessi sex fræðslusvið eru mis umfangsmikil. Um 86% af öllum nemendastundum eru kenndar á tveimur námssviðum; þ.e. íslensku fyrir útlendinga og á FA námsbrautum. Hlutfallsskiptingu nemendastunda má sjá á neðangreindu myndriti.



Nemendastundir segja þó ekki alla söguna um umfangið. Þannig má til dæmis slá því föstu að umsýsla, þ.e vinna við framkvæmd náms fatlaðra sé meiri af heildarumfangi en 3%.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Opinbert framlag til Fræðslunetsins vegna þessa var 11.880.000 kr. á árinu. Aðsókn að námskeiðum varð minni en vænst var en þó nokkru meiri en árið á undan. Fræðslunetið gat því ekki notað allt sitt framlag frá Rannís til íslenskukennslunnar. Allri eftirspurn eftir íslensku fyrir útlendinga á Suðurlandi virðist engu að síður hafa verið fullnægt á árinu. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið og kennd af leiðbeinendum með full kennsluréttindi. Tafla 2 sýnir samanburð íslenskukennslu síðustu fimm ára:

Tafla 2	Námskeið	Nemendur	Fjöldi í námshópi	Nemendastundir	Brottfall
2019	30	336	11,8	13.440	11,80%
2020	28	326	11,6	13.040	11,30%
2021	30	338	10,4	13.520	10,40%
2022	20	207	10,4	8.280	14%
2023	25	299	13,3	10.960	13%

Undanfarin ár (frá 2021) hefur verkefnastjóri á Höfn haft yfirumsjón með íslenskunáminu. Hefur það gengið í flesta staði vel þrátt en örar mannabreytingar þó sett sitt mark starfseminu.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári er fé til að kenna vottað nám. Árið 2023 fékk Fræðslunetið úthlutað til verksins kr. 42.065.000 og var framkvæmt rúmlega fyrir það fé.

Nám á flestum vottuðum námsbrautum er í boði sem bæði stað- og fjarnám. Aukist hefur að fólk búsett annar staðar en á Suðurlandi sækir þetta nám. Tafla 3 sýnir sambanburð FA náms síðustu fimm ára.

Tafla 3	Fjöldi brauta	Námsm. innritaðir	Námsm. útskrifaðir	Brottfall	Nemendastundir
2019	10	145	136	6,2%	21.128
2020	7	102	96	5,8%	21.414
2021	7	165	154	6,6%	22.928
2022	10	120	110	8,3%	19.179
2023	18	197	166	15,7%	19.670

Mikil aðsókn var í námsbrautirnar og aukning frá fyrri árum. Brottfall tvöfaldaðist hins vegar og má rekja það til þess að aukning hefur verið á að nota brautirnar sem virkniúrræði fyrir viðkvæma hópa. Auk fastra námsbrauta, þ.e. Leikskólaliðabrautar, Félagsliðagáttar og Menntastoða var boðið upp á hluta af Grunnmenntaskóla, Líf og heilsu, Uppléið og Stökkpall.

Símenntun fyrir fólk með fötlun

Námskeið fyrir fólk með fötlun er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast sem hefur þýtt að heldur hefur námsmönnum fækkað sem sækja námið. Tilraunir til þess að ná til yngra fólks hafa þó borið nokkurn árangur.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmennt til kennslunnar. Framlagið fyrir árið, sem var kr 15.500.000 kr. hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára. Tafla fjögur sýnir samanburð síðustu fimm ára í fræðslu fatlaðra hjá Fræðslunetinu.

Tafla 4	Námskeið	Námsm. hefja	Námsm. ljúka	Brottfall	Nemendastundir	Fjöldi í hópi
2019	37	143	136	5%	1.418	3,7
2020	43	125	112	10%	1.035	2,6
2021	47	132	129	4%	1.177	2,7
2022	33	114	109	4%	1.053	3
2023	33	122	122	0%	1.186	4

Umfang kennslu fatlaðra varð nokkuð meiri en árið 2022 og nálgast nú árin á undan Covid og er það gleðiefni. Til nýjunga má telja á árinu að Fræðslunetið stóð fyrir námskeiði fyrir fatlað fólk í samstarfi við Vinnumálastofnun, sem ætlað var til að undirbúa það fyrir vinnumarkaðinn.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hefur Fræðslunetið boðið upp á ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa á ýmsum úrræðum að halda til að verða virkir í samfélaginu. Í stórum dráttum eru þetta þrjú hópar fólks; fólk sem er atvinnulaust, fólk sem leitar eftir því að verða virkt í atvinnulífinu og svo flóttamenn. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands, Virk og Vinnumálastofnun. Fjölbreytileiki er mikill og stöðugt er unnið að þróun nýrra úrræða. Nú eru t.d. námsleiðir FA notaðar í auknum mæli til þess að mæta þörfum þessara hópa. Árið 2022 fylgdi árinu á undan nokkuð eftir og jókst kennsla nokkuð milli ára eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5	Fjöldi námsk.	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nem. - stundir
2019	14	193	150	22%	2.683
2020	26	363	300	17%	4.214
2021	41	486	351	15%	5.335
2022	36	374	278	26%	4.217
2023	32	362	273	25%	4.993

Fræðsla fyrir fyrirtæki og greining fræðslubarfa

Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir hefur verið skilgreind sem vaxtarsproti í starfsemi Fræðslunetsins. Þó verður að segjast að þjónustan við fyrirtæki og stofnanir er nokkuð víkjandi í starfseminni. Það gerist t.d. ef langtíma forföll herja á starfsmenn hjá Fræðslunetinu að fyrirtækjaþjónustan er þá iðulega það fyrsta sem dregst saman. Ekki tókst að fylgja eftir síðasta ári og var þjónustan með minnsta móti árið 2023 eins og sjá má í töflu sex. Þessar tölur snúa eingöngu að námskeiðum og segja ekki alla söguna því til viðbótar eru einstaka námsbraut FA og íslenskunámskeið keypt af fyrirtækjum þannig að þjónustan er að jafnaði nokkuð meiri.

Tafla 6	Fjöldi námsk.	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nem. - stundir
2019	21	343	340	1%	2.214
2020	12	200	200	0	1.027
2021	10	104	104	0	541
2022	20	402	400	0	1.915
2023	8	181	181	0	789

Greining fræðslubarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ er annar angi fyrirtækjaþjónustu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðslubarfir og gera fræðsluáætlanir. Árið 2023 var enginn slíkur samningur gerður.

Tafla 7	Fjöldi samninga	Upphæð samninga	Fjöldi þátttakenda
2019	2	2.040.522	254
2020	0	0	0
2021	2	3.041.748	181
2022	1	1.453.576	131
2023	0	0	0

5. Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Alls fékk Fræðslunetið 10.414.000 kr. úthlutað frá FA til náms- og starfsráðgjafar árið 2023. Eins og sést í töflu átta þá gekk námsráðgjöfin vel á árinu og náðist að klára framlagið.

Fræðslunetið stendur vel hvað varðar náms- og starfsráðgjafa en fjórir ráðgjafar sinntu ráðgjöfinni á árinu.

Ráðgjöf Fræðslunetsins er fjölbreytt; bæði er boðið upp á ráðgjöf á staðnum og á netinu. Þá fara ráðgjafar reglulega um Suðurland og bjóða upp á viðtöl. Allri eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf er sinnt.

Tafla 8	Ráðþegar
2019	690
2020	625
2021	419
2022	814
2023	756

Raunfærnimat

Alls fékk Fræðslunetið 11.420.000 kr. úthlutað frá FA á árinu. Var fjármagninu ætlað í eftirfarandi verkefni:

- Raunfærnimat í matartækni
- Almenn starfshæfni
- Raunfærnimat félagsliða
- Raunfærnimat leikskólaliða og stuðningsfulltrúa
- Raunfærnimat á mótum viðmiðum atvinnulífsins

Raunfærnimatið gekk vel á árinu en ekki tókst þó alveg að klára framlagið. Var því hluti framlagsins færður yfir á námsleiðir FA og kom það sér vel þar sem mikil eftirspurn var eftir þeim. Fjórir námsráðgjafar sáu um framkvæmd matsins. Í töflu níu má sjá samanburð síðustu fimm ára.

Almennt gengur vel að finna þáttakendur í raunfærnimatið og má m.a. þakka það góðum tengslum ráðgjafa við atvinnulífið og samstarfsaðila eins og Birtu starfsendurhæfingu.

Tafla 9	Fjöldi þátttakenda	Metnar einingar
2019	16	1.730
2020	43	3.331
2021	22	675
2022	41	2.295
2023	55	1.716

Fræðslunetið sér einnig um að finna matsaðila fyrir hvert raunfærnimat fyrir sig og fara þeir á námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

6. Önnur starfsemi

Náms- og kynnisferð til Hollands

Dagana 15. – 20. október fóru níu starfsmenn Fræðslunetsins í náms- og kynnisferð til Hollands. Megin tilgangur ferðarinnar var að kynna sér rafrænt mat á hæfni, þar sem gervigreind er m.a. notuð. Ferðin var styrkt að fullu með framlagi úr Erasmus Evrópuverkefnasjóðnum. Heimsótt voru eftirfandi þrjú fyrirtæki/stofnanir:

House of skills. Lítil stofnun á vegum Amsterdamborgar með á bilinu 5-10 starfsmenn, sem sérhæfir sig í að „samstillast“ eftirspurn eftir vinnu og framboð vinnuafis. Starfsemin gengur út á það að fólk í atvinnuleit geti með rafrænum hætti skilgreint hæfni sína og þannig sótt um störf, sem það annars hefði ekki haft hug á. Með þessu tæki er hægt að beina fleira fólki inn á ákveðin starfssvið, þar sem verið hefur mikil „vöntun“ á starfsfólki. Hugbúnaðurinn er opin öllum og hægt að nálgast hann á vefsvæði stofnunarinnar.

Skillab. Einkafyrirtæki sem nýkomið er úr nýsköpunarferli og hefur nú sterka fjárfesta til að vinna að uppbyggingu og markaðssetningu. Starfsmannafjöldi er um 20 manns og fer fjölgandi. Fyrirtækið selur aðgang að hugbúnaði sem greinir hæfni fólks í víðu samhengi. Þetta er mjög yfirgripsmikill hugbúnaður með gervigreind sem vex eftir því sem hann er meira notaður. Notendur eru námsáðgjafar, félagsráðgjafar, starfsráðgjafar og fleiri aðilar sem vinna með hæfniuppbyggingu fólks. Í gegnum ráðgjafana er svo völdum einstaklingum veittur aðgangur. Hugbúnaðurinn er til á mörgum tungumálum og notaður um allan heim. Hægt væri að fá hann á íslensku ef svo bæri undir. Starfsfólk Fræðslunetsins fékk allt aðgang að hugbúnaðinum og hefur verið að skoða hann í vetur.

Borgarbókasafn Amsterdam. Bókasafnið er stærsta bókasafn Evrópu og eitt það stærsta í heiminum með um 100 starfsmenn, með um 5 milljarða veltu og 12.500.000 bækur. Húsið, sem er átta hæðir og kjallari, hýsir mikla og fjölbreytta starfsemi. Fyrir utan að vera hefðbundið bókasafn eru þarna tvö leikhús, matsölustaður, tónleikatorg, kaffihús, sjónvarpsstöð o. fl. Mikill bókakostur er á öðrum málum en hollensku þannig að fólk af ólíkum uppruna getur leitað þangað. Notendur bókasafnsins eru 1.500 og þar geta 300 námsmenn leitað samtímis til náms.

Bókasafnið leikur stórt hlutverk í allri hæfniuppbyggingu hjá Amsterdamborg og er, t.d. í miklu samstarfi við House of skills.

Notendaráð

Bergrisinn, sem er byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu, hefur falið Fræðslunetinu utanumhald um notendaráð fatlaðs fólks á svæðinu.

Á árinu 2023 voru fundir ráðsins færri en venjulega þar sem umsjónarmaður þess fór í veikindaleyfi í ágúst og út árið. Vinnan við utanumhald ráðsins og verkefni þess þóttu það sértæk að ekki var talið ráðlegt að setja nýjan starfsmann inn í verkefnið.

Nýbreytni og þróun

Ýmis nýbreytni og þróun átti sér stað á árinu og er það helsta rakið hér að neðan.

Aukin teymisvinna. Um tíma hafa verið starfandi tvö formleg teymi starfsmanna; virkniteymi sem hefur yfirumsjón með virkníurræðum og fyrirtækjateymi sem hefur yfirsjón með fyrirtækjapjónustu. Á árinu fundaði óformlega svokallað ráðgjafateymi, sem fyrst og fremst samræmdi vinnu í ráðgjöf en fór á árinu í auknum mæli að samræma vinnubrögð í raunfærnimati.

Í desember er ákveðið að gera breytingar á teyllum og fjölga þeim. Ráðgjafateymið, sem skipað er ráðgjöfum Fræðslunetsins, var víkkað út og hefur nú umsjón með verklagi í allri framhaldsfræðslunni. Þá var stofnað nýtt teymi utan um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Samningar við Birtu starfsendurhæfingu. Árið 2022 voru í fyrsta skipti notaðar námsleiðirnar Líf og heilsa og Stökkpallur sem virkníurræði hjá Birtu starfsendurhæfingu þar sem starfsfólk Birtu sá um kennslu og fleira. Árið 2023 styrktist þetta fyrirkomulag í sessi og voru gerðir formlegir samningar um verkaskiptingu og greiðslur.

Samningar við Iceland Outdoors. Fyrirtækið Iceland Outdoors leitaði til Fræðslunetsins með ósk um samstarfssamning um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Meginmarkmið samningsins er að Iceland Outdoors taki að sér fjarkennslu í íslensku á Suðurlandi árið 2024. Samningar voru gerðir í nóvember og í framhaldinu fékk Iceland Outdoors styrk frá Rannís til að vinna að verkefninu.

Aukin færni á vinnumarkaði (*undirbúningur fatlaðs fólks fyrir vinnumarkað*). Vinnumálastofnun og Fræðslunetið stóðu að námskeiði ætlað fötludu fólki sem vildi styrkja sig á vinnumarkaði eða undirbúa sig fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Alls sóttu fimm fatlaðir einstaklingar námið sem tókst vel.

Nýbreytni í námskeiðshaldi í íslensku. Á árinu voru gerðar tilraunir með að bjóða upp á íslenskunámskeið á dagvinnutíma og íslenskunámskeið fyrir Pólverja sérstaklega. Bæði námskeiðin voru haldin á Selfossi og gengu þau vel.

Ný vefsíða Fræðslunetsins. Árið 2022 var hafin smíði á nýrri vefsíðu fyrir Fræðslunetið. Sérstakt þriggja manna teymi var stofnað um vinnuna, sem sá svo um smíðina. Ákveðið var að fara úr Joomla vefstjórnunarkerfinu yfir í Wordpress kerfið. Nýja síðan var svo opnuð formlega í lok júní, rétt fyrir sumarfrí.

Markaðs- og kynningarstarf

Áherslur í markaðs- og kynningarstarfi hafa annars vegar verið að nota rafræna miðla og hins vegar reglulegar og persónulegar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Mikið er lagt upp úr samstarfi við samstarfsaðila og að þjónusta þarfir þeirra sem best. Því er oft fundað með þeim og þarfir þeirra metnar. Helstu samstarfsaðilar á þessum vettvangi eru: Birta starfsendurhæfing, VIRK, Markaðsstofa Suðurlands og VMST.

Nánast allt kynningarefni og auglýsingar er hannað af starfsmönnum Fræðslunetsins enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að vera að uppfæra og í því liggur talsverð vinna.

Heimsóknnum á vefsvæði Fræðslunetsins fækkaði nokkuð en fylgjendum á samfélagsmiðlum hélt áfram að fjölga milli ára. Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru:

Heimasíðan

Tafla 10	Heim-sóknir	Flettingar
2018	14.679	38.680
2019	5.498	16.340
2020	17.192	23.240
2021	18.187	34.373
2022	19.224	45.945
2023	10.950	44.001

Fylgjendur á Facebook og Instagram

Tafla 11	Facebook	Instagram
2018	2.631	53
2019	2.767	96
2020	2.958	139
2021	3.100	215
2022	3.200	240
2023	3.400	259

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar Fræðslunetsins eru fjölmargir og er samstarfið dýrmætt. Verða hér nefndir þeir helstu.

Símennt. Símenntunarmiðstöðvar um allt land mynda samtökin Símennt. Samráð og samskipti milli stöðvanna eru mikil og stöðug. Samtökin standa fyrir fræðslu og atburðum sem varða framhalds- og fullorðinsfræðslu.

Vinnuálastofnun. VMST er einn stærsti viðskiptavinur Fræðslunetsins og á í miklum samskiptum við Fræðslunetið með þau virkniúrræði og íslenskunámskeið sem boðið er uppá. Samskiptin eru öll við útibú stofnunarinnar á Suðurlandi.

Virk. Fræðslunetið er skilgreindur úrræðaaðili hjá Virk. Á hverju ári setur Fræðslunetið upp virkniúrræði sem eru sniðin að þörfum Virk.

Birta starfsendurhæfing. Mikil samskipti eru við starfsmenn Birtu, enda er aðstaða þeirra í Fjölheimum á Selfossi. Birta hefur tekið að sér kennslu námsleiða og þjónustuþegar þeirra sækja í hinar ýmsu námsleiðir Fræðslunetsins.

Stéttarfélag og starfsmennasjóðir. Í gegnum tíðina hafa stéttarfélagin sýnt það í verki að vera einir helstu bakhjarlar Fræðslunetsins. Starfsmennasjóðir endurgreiða einstaklingum og fyrirtækjum námskostnað og fóstra Fræðslustjóra að láni verkefni.

Sveitarfélagið Árborg. Aðalstöðvar Fræðslunetsins eru í sérhönnuðu húsnæði sem er eign sveitarfélagsins Árborgar. Samvinna og samstarf hefur verið um notkun eignarinnar í 12 ár.

6. Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM+)

Haustið 2022 fór fram gæðaúttekt á Evrópska gæðamerkinu (EQM+) hjá Fræðslunetinu en þrjú ár voru liðin frá síðustu úttekt. Undirbúningur úttektarinnar stóð í mánuð og skilaði Fræðslunetið umfangsmiklum upplýsingum um framkvæmd framhaldsfræðslunnar með tilliti til gæðaferla EQM+.

Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd Fræðslunetsins þannig að ekki þurfti að ráðast í neina úrbótaáætlun. Ljóst er því að við framkvæmd framhaldsfræðslunnar er farið eftir öllum gæðaferlum EQM+.

Gæðaráð og innra mat

Gæðaráð Fræðslunetsins starfaði ötullega á árinu og stýrði innra mati. Gæðaráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu voru fyrst og fremst eftirfarandi verkefni unnin í innra mati:

- Starfsmannahandbók var uppfærð og formi hennar breytt. Nú er hún öll á veflægu formi í stað þess að vera á pdf formi. Hún er sett upp í Sharepoint og aðgengileg í gegnum Teams.
- Leiðrétt var misvægi í útreikningum leiðbeinenda sem kenna á námsleiðum FA.
- Samræmt var matseyðublað fyrir matsaðila í raunfærnimati.
- Skoðaðar voru og settar fram nýjar leiðir við gerð starfsáætlana.

7. Skipulagsskrá Fræðslunetsins

Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunetsins frá 2013 eru stofnendur þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands 1999. Í skipulagsskrá Fræðslunetsins er listi yfir þessa stofnendur, sem sumir hverjir hafa nú sameinast öðrum eða horfið af braut. Skipulagsskráin eru öllum aðgengileg á vefsvæði Fræðslunetsins.

Skipulagsskráin er byggð á lögum um sjálfseignastofnanir nr. 33 frá 1999 og því ná þau lög yfir alla starfsemi Fræðslunetsins sem ákvæði skipulagsskrárinnar dekkja ekki.

8. Töluleg þróun starfseminnar

